



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Alþingi - nefndasvið

Reykjavík 30. apríl 2019
Mf201904-0148/ 0.00 / K.M.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.).

Bætt er nýrri grein inn í lög, 4.gr. b. Í d) lið þeirrar greinar segir að **menningarminjar** sé einn þeirra umhverfisþátta sem fjalla skuli um í mati á umhverfisáhrifum. Áður voru menningarminjar einungis nefndar sem hluti af hugtakinu umhverfi. Í lögnum var umhverfi skilgreint sem: Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.

Minjastofnun Íslands fagnar því að hugtakið menningarminjar hefur verið tekið upp í lög um mat á umhverfisáhrifum. Vakin er athygli á að í umfjöllun um einstaka greinar frumvarpsins er orðið menningararfleifð notað undir d) lið en ekki menningarminjar. Minjastofnun Íslands telur að nota skuli orðið menningarminjar í þessu samhengi sbr. t.d. að lög in sem stofnunin starfar eftir heita lög um menningarminjar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.).

Virðingarfyllt,

Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is